

FUNDARGERÐ SVEITARSTJÓRNAR

Þriðjudaginn 29. mars 2011 var fundur haldinn í sveitarstjórn Skagastrandar kl 9⁴⁰ að Löngumýri í Skagafirði.

Á fundinn voru mætt: Adolf H. Berndsen, Halldór G. Ólafsson, Péturína L. Jakobsdóttir, Jón Ólafur Sigurjónsson, Jensína Lýðsdóttir og Magnús B. Jónsson

Adolf H. Berndsen oddviti setti fundinn og stjórnaði honum.

1. Deiliskipulag Hólanessvæðis

Fyrir fundinum lá greinargerð og uppdrættir af deiliskipulagi sem var til umfjöllunar á fundi skipulags- og byggingarnefndar 23. febrúar sl. Í greinargerðinni er bæði fjallað um þá almennu skilmála sem eiga við um deiliskipulagið og þau sérákvæði sem ástæða þykir að setja um svæðið. Sveitarstjórn fór yfir fyrirbyggjandi gögn en ákvað að taka sér tíma til að koma með ábendingar og athugasemdir og frestaði því frekari umfjöllun til næsta fundar.

2. Hitaveita

Oddviti og sveitarstjóri gerðu grein fyrir fundi sem þeir áttu um hitaveitumál með fulltrúum Rarik. Fram kom að hjá Rarik hefur verið unnin ítarleg greining á kostnaði og lausnum en hins vegar séu nokkrar breytur sem ekki liggi endanlega fyrir sem hafi áhrif á arðsemisútreikning á verkefninu. Sveitarstjórn ræddi málið og fór yfir forsendur og ákvað að óska eftir upplýsingum og útreikningum á ákveðnum atriðum sem varða málið.

3. Nes – listamiðstöð, skýrsla atvinnuráðgjafa.

Á fundinn mætti Katrín María Andrédóttir atvinnuráðgjafi SSNV sem hefur tekið saman skýrslu um listamiðstöðina og hvaða framtíðarsýn sé rétt að móta fyrir hana. Katrín kynnti skýrsluna. Mikil umræða varð um efni skýrslunnar og framtíðarsýn fyrir listamiðstöðina. Málið var til kynningar og ekki gerðar ályktanir eða tekna ákvarðanir varðandi það en fram kom að sveitarstjórn var ánægð með þá vinnu sem hafði verið lögð í skýrslugerðina og þakkaði Katrínu Maríu fyrir vel unnið verk.

4. Bréf:

a. Umhverfisráðuneytis, dags. 8. mars 2010

Með bréfinu er kynnt að aðalskipulag sveitarfélagsins hafi verið undirritað af ráðherra og staðfesting þess auglýst í B-deild Stjórnartíðinda.

Bréfið var til kynningar

b. Verkefnisstjórnar um styrki til skólastarfs, dags. 4. mars 2011

Með bréfinu er greint frá því að sveitarfélaginu standi til boða styrkur að fjárhæð 1. milljón króna til að vinna verkefni „líðveisla“ og „samstarf stofnana og skóla“.

Styrkirnir standa til boða á forsendum umsóknar sem starfsmenn grunnskólans unnu. Sveitarstjórn lýsti ánægju sinni með styrkinn og verkefni starfsmanna.

Sveitarstjórn Skagastrandar
Fundargerðir

c. Þjóðskrár Íslands, dags. 9. mars 2011.

Með bréfinu er kynnt að þjóðaratkvæðagreiðsla skuli verða laugardaginn 9. apríl 2011 og að kjörskrá taki mið af skráðum lögheimilum 19. mars 2011. Bréfið var til kynningar

d. Húnavatnshrepps, dags. 7. mars 2011.

Með bréfinu er veitt svar við erindi sveitarstjórnar Skagastrandar þar sem óskað var eftir að sveitarstjórnir í Húnavatnssýslum taki höndum saman um að koma á daglegum akstri úr héraðinu í Fjölbrautarskóla Norðurlands vestra. Í svari hreppsnefndarinnar kemur fram að hún telur daglegan heimanakstur frekar gagnast nemendum úr þéttbýli en dreifbýli á svæðinu og sér því ekki hag í þátttöku í verkefninu. Bréfið var til kynningar.

e. Specialisterne á Íslandi, dags. 1. mars 2011.

Erindi bréfsins er að kynna sjálfseignarstofnun sem hafi að markmiði að virkja styrkleika einhverfra og opna augu samfélagsins fyrir þeim ónýttu hæfileikum sem þeir hafa fram að bjóða. Með bréfinu er þess jafnframt farið á leit að sveitarfélagið gerist stofnfjáraðili að félaginu með því að leggja fjárhæð sem nemur 50 kr/íbúa í stofnun þess. Samþykkt að verða við erindinu.

5. Fundargerðir

a. Stjórnar Félags- og skólapjónustu. 09.03.2011

Fundargerðin var til kynningar.

b. Stjórnar Byggðasamlags um menningar- og atvinnumál, 4.02.2011

Fundargerðin var til kynningar

c. Stjórnar SSNV, 15.03.2011

Fundargerðin var til kynningar

d. Stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga, 25.02.2011

Fundargerðin var til kynningar.

6. Önnur mál

Ekki var bókuð umræða undir þessum dagskrárlið.

Fleira ekki tekið fyrir fundi slitið kl. 14³⁰

Adolf H. Berndsen,

Halldór G. Ólafsson,

Péturína L. Jakobsdóttir,

Jón Ólafur Sigurjónsson,

Jensína Lýðsdóttir

Magnús B. Jónsson